

Reglugerð vegna kjörs á íþróttamanni ársins í Sveitarfélaginu Vogum

- 1.gr. Val á íþróttamanni ársins er samstarfsverkefni Frístunda- og menningarnefndar, íþróttafélaga í Sveitarfélaginu Vogum og íbúa sveitarfélagsins.
 - 2.gr. Rétt til tilnefningar hafa íbúar og öll íþróttafélög í Sveitarfélaginu Vogum. Tilnefningum skal skila til íþrótt- og tómstundafulltrúa Sveitarfélagsins Voga.
 - 3.gr. Þeir sem tilnefndir eru til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 16 ára aldri. Þó er heimilt að tilnefna ungling 14 – 16 ára sem keppir í flokki fullorðinna og hefur náð árangri á við þá bestu í sinni íþróttagrein.
 - 4.gr. Hverri tilnefningu skal fylgja ítarleg greinargerð. Þar skal koma fram umsögn um íþróttamanninn, afrek hans, persónueinkenni, stefna, o.g svo framvegis. Útdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp við athöfn þar sem val á íþróttamanni ársins er kynnt.
 - 5.gr. Íþróttamaður skal hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum eða keppa fyrir hönd íþróttafélags í sveitarfélaginu.
 - 6.gr. Val á íþróttamanni ársins í Vogum er í höndum Frístunda- og menningarnefndar Sveitarfélagsins Voga. Fulltrúum íþróttafélaganna gefst kostur á að kynna sínar tilnefningar á fundi fyrir val.
 - 7.gr. Velja skal einn einstakling úr þeim tilnefningum sem berast og hlýtur sá viðurkenninguna íþróttamaður ársins. Allir sem tilnefndir eru fá viðurkenningu.
- Við val á íþróttamanni ársins skal Frístunda- og menningarnefnd taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á við um. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.
- 8.gr. Auglýsa skal eftir tilnefningum og skal frestur til að skila inn tilnefningum vera tilgreindur.
 - 9.gr. Miðað er við að útnefning á kjöri íþróttamanns ársins fari fram um miðjan janúar og haldin verði hátíðleg athöfn af því tilefni. Frístunda- og menningarnefnd er þó frjálst að breyta þessu ef þörf þykir.

10. gr. – Hvatningarverðlaun.

Öllum íþróttafélögum og einstaklingum í Vogum er heimilt að tilnefna til hvatningarverðlauna. Verðlaunin skulu veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, sýnir góða ástundun og hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annarra unglunga.


11. gr. Lágmarksaldur hvatningarverðlauna er 10 ára, hámarksaldur er 16 ára.

12. gr. Tilnefningum til hvatningarverðlauna skal fylgja ítarleg greinargerð samanber 4. grein þessara reglna.

13. gr. Val á þeim sem hljóta hvatningarverðlaun er í höndum Frístunda- og menningarnefndar.

Samþykkt á 86. fundi frístunda- og menningarnefndar Sveitarfélagsins Voga 07.05.2020.

Samþykkt á 168. Fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga 27.05.2020



Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga